
1971 nr. 56 16. apríl**Lög um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokkum**

■ **1. gr.** Greiða skal þingflokk tiltekna lágmarksfjárhæð og að auki ákveðna upphæð fyrir hvern þingmann til að kosta sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokkinn og þingmenn hans við þingstörf. Utanflokkabingmaður fær sömu upphæð og greidd er á hvern þingmann þingfloks.

■ **2. gr.** Á fjárlögum skal hverju sinni ákveða, hve miklu fé skuli varið til aðstoðar þingflokkum samkvæmt lögum þessum.

■ **3. gr.** Þingflokkur er samtök tveggja eða fleiri þingmanna, sem eru fulltrúar stjórnmálfloks, er hefur komið á fót

landssamtökum.

■ **4. gr.** Greiðslur til þingfloks skulu inntrar af hendi ársfjórðungslega, þ.e. 1. febrúar, 1. maí o.s.frv., og skulu miðaðar við skipan Alþingis í byrjun ársfjórðungs, þ.e. 1. janúar, og 1. apríl o.s.frv.

□ Þingflokkur ræður sjálfur ráðstöfun þess fjár, er í hans hlut kemur.

■ **5. gr.** Forsetar Alþingis setja í samráði við formenn þingflokkum reglur um skiptingu þess fjár, sem hverju sinni er veitt til aðstoðar þingflokkum.

■ **6. gr.** Formenn þingflokkum skulu árlega senda forsetum Alþingis greinargerð um ráðstöfun þess fjár, er þeir veita móttöku samkvæmt lögum þessum, eftir nánari reglum, er forsetar setja. Sama gildir um þingmann utanflokkum.